

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 9. mars 2017 - R17020248

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
R17010024	Fundargerð stjórnar samtaka sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu nr. 439 13.2.2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R17020037	Tillaga hverfisráðs Grafarvogs, dags. 24.2.'17, vegna breytingar á götuheiti.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R17030038	Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um breyt. á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 106. mál.	Sent velferðarsviði til meðferðar.
R17020119	Styrkumsókn Kristjáns B. Jónassonar vegna útgáfu bókarinnar Bæjarskipulag og mótun umhverfis á Íslandi á 20. öld.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.
R17020180	Styrkumsókn Arcus Films ehf. vegna Ratatam - forvarnarmyndbönd.	Sent mannréttindaskrifstofu til umsagnar.
R17020179	Styrkumsókn Alþýðuóperunnar vegna #6dagsleikinn - How to Make an Opera.	Sent mannréttindaskrifstofu til umsagnar.
R17030015	Boð til borgarinnar um að kaupa jörðina Presthús á Kjalarnesi	Sens skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.
R17030023	Tillaga borgarráðs um biðaðstöðu strætisvagnafarþega í skiptistöðunni í Mjódd	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til umsagnar.
R17020017	Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á gjaldskrá velferðarsviðs frá árinu 2006	Sent til meðferðar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
R16090034	Erindi íþróttafélagsins Þróttar um viðræður um uppbyggingu íþróttamannvirkja, dags. 16. febrúar 2017	Sent íþrótt- og tómstundasviði til meðferðar.



STJÓRN SSH 439. fundur

Mánudaginn 13. febrúar 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Lindal Haraldsson, S. Björn Blöndal, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.
Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

1. TÓNLISTARSKÓLAR – kjarasamningur /málsnr. 1504009

Á fundinn mættu Inga Rún Ólafsdóttir frá SNS og Atli Atlason frá Reykjavíkurborg og gerðu grein fyrir nýjum kjarasamningi við Kennarasamband Íslands vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, í kjölfar miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 31. janúar 2017.

Umræður

2. BORGARLÍNAN – stöðu- og verkefnayfirferð /málsnr. 1610002

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri og Eyjólfur Árni Rafnsson verkefnisstjóri vegna Borgarlínunnar.

Fyrir fundinum lá minnisblað frá framvæmdastjóra, svæðisskipulagsstjóra og verkefnisstjóra Borgarlínunnar dags. 13. febrúar 2017.

HÁP og EÁR fóru yfir minnisblaðið og helstu þætti yfirstandandi vinnu vegna undirbúnings Borgarlínunnar og tímaáætlun vegna þessa. Upplýst var að verkefnislýsing hefur verið afgreidd af svæðisskipulagsnefnd og sérstök áhersla var lögð á krefjandi tímaáætlun vegna innleiðingar á legu Borgarlínunnar í svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaganna, sem og nauðsyn þess að sem fyrst náist mynd á lagalegri stöðu verkefnisins s.s. vegna mögulegrar innheimtu innviðagjalda o.fl. Þá var farið yfir frumhugmyndir um skilgreiningu á þjónustustigi Borgarlínunnar og mögulegri aðferð við skiptingu á kostnaði vegna fjárfestingar í innviðum.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn leggur áherslu á að málið verði unnið áfram með tilliti til fyrirbyggjandi markmiða um tímasetningu nauðsynlegra skipulagsbreytinga og annarra verkþátta sbr. samkomulag sveitarfélaganna frá 2. desember 2016.



3. SÓKNARÁÆTLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS – verkefnatillögur v. áhersluverkefna 2017 /málsnr. 1501010

Hrafnkell Á Proppé svæðisskipulagsstjóri og Hermann Ottósson ráðgjafi sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum lá tillaga að ráðstöfun 22 m.kr. verkefnafjár sem gert er ráð fyrir á árinu 2017 til áhersluverkefna, sbr. samning um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins frá febrúar 2015.

Verkefnin eru:

Borgarlínan	8 m.kr.
Location Reykjavik Capital Area	6 m.kr.
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	6 m.kr.
GERT verkefnið	2 m.kr.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi tillögu að ráðstöfun til fjögurra verkefna á árinu 2017 og felur framkvæmdastjóra að ganga frá endanlegri verkefnalýsingu og greinargerð.

4. Endurvinnslustöðvar SORPU bs. /málsnr. 1606003

Rætt var um nauðsynlega endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi á rekstri endurvinnslustöðva sveitarfélaganna og endurskoðun á núgildandi samningi sveitarfélaganna við SORPU bs. um rekstur þeirra, sbr. m.a umfjöllun á eigendafundi SORPU bs. 31.08.2015 og samþykkt frá 433. stjórnarfundum SSH 5. september 2016.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að setja upp tillögu að erindisbréfi fyrir verkefnahóp til að vinna að framangreindu verkefni í samræmi við umræður á fundinum og kalla eftir tilnefningu fulltrúa aðildarsveitarfélaga í hópinn sem fyrst.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:55



Reykjavík, 24. febrúar 2017

Borgarráð Reykjavíkur

Efni: Tillaga frá hverfisráði Grafarvogs varðandi breytingu á götuheiti.

Á fundi í hverfisráði Grafarvogs 14. febrúar sl. var samhljóða samþykkt svohljóðandi tillaga.

„Í ljósi þess að nafnanefnd hafnaði tillögu Hverfisráðs Grafarvogs sem send var á umhverfis- og skipulagsráð óskar hverfisráð Grafarvogs nú eftir við borgarráð Reykjavíkurborgar að verða við tillögunni og skipta um nafn á götu í hverfinu þ.e. „Hallsvegur“ verði framvegis nefndur „Fjölnisbraut“. Vegur þessi tengir saman stóran hluta Grafarvogs við helstu íþrótt- og frístundamannvirki hverfisins. Meðal annars liggur vegur þessi meðfram keppnisíþróttavelli og sundlaug við Dalhús og leggur leið að hinni glæsilegu Egilshöll og einnig að frístundasvæðinu við Gufunes. Það er því kjörið að vegur þessi hafi tengingu í stolt Grafarvogs þ.e. ungmennafélagið Fjölni.“

Lögð voru fram eftirfarandi rök fyrir tillögunni.

- Hverfisráð Grafarvogs er tenging borgarfulltrúa við hverfið og eru allir hverfisráðsfulltrúar sammála tillögunni ásamt öllum áheyrnarfulltrúum.
- Til viðbótar við stuðning hverfisráðs afhendist listi 150 Grafarvogsbúa sem styðja tillöguna
- Innan Reykjavíkur er skipt um nöfn á götum borgarinnar þegar ósk eins og þessi kemur fram, eins og þegar Brattthöfði var nefndur Svarthöfði, Höfðatún nefnt Katrínartún og fl. Sama á við um torg og tún, Klambratún var Miklatún og síðar aftur Klambratún.
- Um er að ræða veg sem engin hús eru við og truflar það því enga starfsemi að breyta um nafn.
- Holtið sem vegurinn er kenndur við er ekki lengur kennt við Hall, eingöngu þekkt og talað um sem Holtið
- Hallsvegur tengir mörg hverfi Grafarvogs og liggur nærri íþróttafélaginu Fjölni og því hefði verið vel við hæfi að nefna götuna eftir félaginu enda er það í samræmi við óskir íbúa hverfisins.
- Krafa nútímans er að uppfæra kennileiti og uppfæra nöfn. Fjölnir er kennileitið sem íbúar Grafarvogs vilja að vegurinn sé kenndur við í dag.

F.h. hverfisráðs Grafarvogs

Ingibjörg Sigurpórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs



**Frá nefndasviði Alþingis - 106. mál til umsagnar - smásala áfengis****Almennt: t-póstur**

Málsnúmer: R17030038

Bréfalyklar: 175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki

vistast undir viðkomandi málefni

Eigandi skjals: Bryndís Guðmundsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar :

Búið til: 03.03.2017 00:00:00

Dagsetning skjals: 03.03.2017

Upplýsingar um viðskiptavin :

Netfang: krb@althingi.is

Skjalalykill	175 Lög, reglugerðir, frumvörp sem ekki vistast undir viðkomandi málefni	Málsnúmer	R17030038
Móttökudags.	03.03.2017	Skráð í GoPro	03.03.2017

Viðtakandi		Sendandi	
Deild (Ráðhúss)		Fyrirtæki/stofnun	
Starfsmaður		Nafn	
		Kennitala:	
Tegund skjals	t-póstur	Fyrir Borgarráð	
Efnisorð			

Sent:**Sent til:**

Frá: Kristjana Benediktsdóttir

Dags: 3.3.2017 14:36:47

Til:

Efni: Frá nefndasviði Alþingis - 106. mál til umsagnar

3. mars 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Til allra sveitarfélaganna - vinsamlegast sendið velferðarnefndum /sviðum, eða eftir því sem við á, þessa umsagnarbeiðni.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breyt. á lögum um verslun með áfengi og tóbak o.fl. (smásala áfengis), 106. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 17. mars á netfangið nefndasvid@althingi.is

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/146/s/0165.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Kveðja,

Kristjana Benediktsdóttir

skjalavörður

skrifstofu Alþingis, nefndasviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík


sími 563-0433, fax 563-0430

www.althingi.is



- OutlookMessageContent.msg

Reykjavíkurborg
b/t Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Reykjavík, 14. febrúar, 2017

Ósk um styrk til útgáfu bókarinnar, „Bæjarskipulag og mótun umhverfis á Íslandi á 20. öld“

Bókaútgáfan Crymogea hyggst gefa út bók um sögu skipulagsmála á Íslandi haustið 2017. Bókin er eftir Harald Sigurðsson skipulagsfræðing og sagnfræðing og hefur verið í vinnslu á undanförunum árum (sjá nánar fylgigögn).

Skipulag byggðar og mótun umhverfis eru eitt af mikilvægustu málefnum samtímans. Saga skipulagsmála á því brýnt erindi við almenning. Hún gagnast til að draga lærdóm af mistökum fortíðarinnar, vekja fólk til umhugsunar um afdrifaríkar skipulagsákvæðanir og að treysta grundvöll ákvæðana um nýtt og betra skipulag til framtíðar. Útgáfa sögu skipulagsmála er því þarfaverk.

Mikilvægt er að standa vel að útgáfu slíkrar bókar. Stefnt er að því að gera söguna áhugaverða og aðgengilega fyrir breiðan lesendahóp, án þess að draga úr fræðilegum kröfum. Til að svo megi verða þarf að standa mjög veglega að útgáfunni, meðal annars með því að gera myndabætti hennar hátt undir höfði. Ríkulega myndskreytt bók í stóru broti getur hins vegar verið mjög kostnaðarsöm í útgáfu. Til að slík útgáfa, um brýnt samfélagsmál, standi undir sér er nauðsynlegt að leita til velviljaðra aðila um styrki. Einkum er leitað til opinberra aðila sem tengjast viðfangsefni bókarinnar.

Hér með er leitað eftir stuðningi Reykjavíkurborgar við þessa metnaðarfullu bókaútgáfu.

Það þarf sennilega ekki að taka það fram að þróun og saga skipulags í höfuðborginni skipar veigamikinn sess í bókinni. Reykjavíkurborg hefur ávallt verið brautryðjandi og leiðandi í skipulags- og umhverfismálum hér á landi, hvort sem litið er til gerð bæjarskipulags, samgönguskipulags, þróun húsnæðismála eða stefnumörkunar í umhverfismálum almennt. Skipulag borgarinnar hefur einnig verið lang fyrirferðarmest í umræðu leikra og lærða í þessum málaflokki. Birtar verða fjölmargir uppdrættir, teikningar og ljósmyndir, sem eru varðveittir eru hjá stofnunum Reykjavíkurborgar og hafa aldrei áður birst á prenti.

Í bókinni er fjallað með ítarlegum hætti um sögu og þróun heildarskipulags borgarinnar, allt frá viðleitni til skipulagningar á 19. öld og fram á 21. öld, hugmyndir um endurreisn miðborgarinnar og samspil þeirra skipulagstillagna við þróun hús- og borgarverndar, tilkomu hins sjálfstæða íbúðarhverfis, þróun samgönguskipulags, samspil húsnæðis- og skipulagsmála, þátt Reykjavíkurhafnar í þróun heildarskipulagsins og deilurnar um Reykjavíkurflugvöll, svo eitthvað sé nefnt. Þá er sérstaklega fjallað um þá togstreitu sem ríkti milli skipulagsyfirvalda ríkisins og borgarinnar framan af og þá miklu sérstöðu sem höfuðborgin hefur haft þegar kemur að lagaumhverfi um bæjarskipulag hér á landi.

Bókin er í aðra röndina óður til þéttbýlisins, um mikilvægi þess sem drifkrafts samfélagsbreytinga í sögulegu tilliti. Í fyrsta hluta bókarinnar er yfirgripsmikil umfjöllun um aðdraganda þéttbýlismyndunar hér á landi og ástæður þess að sú þróun hefst ekki fyrr en komið er fram á 19. öld. Í þeirri sögu gegnir Reykjavík grundvallarhlutverki. Almennt er lögð áhersla á að skoða sögu skipulagsgerðar í samhengi við eðli og þróun þéttbýlis og í hinu stóra samhengi samfélagsbreytinga. Dýpri skilningur á uppruna og eðli borga og bæja, er lykilforsenda að skynsamlegri nálgun á skipulag til framtíðar.

Virðingarfyllst,
Kristján B. Jónasson, útgefandi
Crymogea – Barónsstíg 27 – crymogea@crymogea.is

Kristján B. Jónasson

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Umsækjandi

Málsnúmer P-2016-09-30-0110

Nafn umsækjanda Arcus Films ehf.
Kennitala 4506090640
Heimilisfang Sólvalлагötu 39
Netfang arcus@arcusfilms.com
Póstnúmer 107
Staður Reykjavík
Símanúmer 1 7767633
Símanúmer 2 7767633
Nafn ábyrgðarmanns Ársæll Nielsson
Kennitala ábyrgðarmanns 1204833829
Heimilisfang ábyrgðaraðila Holtsgata 21
Póstnúmer ábyrgðaraðila 101
Netfang ábyrgðaraðila arsaell@arcusfilms.com
Símanúmer ábyrgðaraðila 8473823
Hlutverk ábyrgðaraðila Framleiðandi
Banki 0513
Höfuðbók 14
Reikningsnúmer 406248

Málsnr. 217020180
Skjalasafn Ráðhúss

21. feb. 2017

Bréfalykill: 1252

Lýsing á verkefni

Heiti verkefnis Ratatam - forvarnarmyndbönd

Verkefnið í hnotskurn Vinnsla og dreifing forvarnarmyndabanda sem taka á kynjamisrétti og kynbundnu ofbeldi.

Verkefnislýsing

Leikhópurinn Ratatam hefur unnið að leiksýningunni SUSS! í rúmt ár. Við undirbúning hefur hópurinn tekið viðtöl við yfir 50 manns um reynslu þeirra af kynbundnu ofbeldi. Aðeins hluti þess efnis ratar í sýninguna. arCus og Ratatam hyggjast vinna stutt leikin myndbönd upp úr því efni sem ekki ratar á sviðið. Myndböndum verður dreift á samfélagsmiðlum auk þess sem leitað verður til fjölmiðla og sjónvarpsstöðva í viðleitni til að auka dreifingu efnissins. Framkvæmd verkefnisins fer fram með hefðbundnu framleiðsluferli kvikmyndaverka s.s forframleiðsla, framleiðsla, upptökur og eftirvinnsla. Við munum einnig framkvæma myndskleið með 360° gráðu myndatöku sem styður við skilaboð okkar um samfélagslega ábyrgð þegar kemur að kynbundnu ofbeldi. Þar sem áhorfandi getur tekið þátt eða ráðið hvert hann horfir í rýmið á myndskleiðinu. Yfirskriftin er "Ekki líta undan" eða "bankað uppá". Leikin efni myndskleiðanna munu í flestumkum tilvikum byggjast á sonnum atburðum. Skilaboð myndskleiðanna verða til þess að hvetja áhorfandan til að bregðast við ef hann verður var við kynbundið ofbeldi, sjá ábyrgð sína í slíkum málum í stað þess að líta undan og tilkynna þau til lögreglu.

Sótt er um verkefni á sviði Félags- og velferðarmála

Markmið

Meginmarkmið verkefnisins er að framleiða 10 leikin myndskleið um jafnrétti kynjanna í víðu samhengi með því að varpa ljósi á misrétti sem almenningur er blindur fyrir. Myndskleiðin eru stutt, hnitmiðuð og dreifast á samfélagsmiðla og eiga það sameiginlegt að ná til einstaklinga á aldrinum 16- 40 ára sem eru í meiría mæli á samfélagsmiðlum og hafa tilhneigingu til styttri athygli á

netmiðlum þar sem áreiti er stóðugt. Myndskeiðin eru mörg hver byggð á raunverulegum atburðum úr íslenskum veruleika. Myndskeiðin munu: - Varpa ljósi á mismunun kynjanna í samfélaginu og þá ávinning beggja kynja fyrir auknu jafnrétti á heimilinu og á vinnustað. - Hvetja fólk til að setja sig í spor annarra og varpa ljósi á samfélagslega ábyrgð og ávinning okkar allra til aukins jafnréttis. - Vekja athygli á kyndbundnu ofbeldi í nánnum samböndum og hvetja til aðgerða ef fólk verður vitni að slíku. (Ekki líta undan, bönkum upp á). Barátta gegn ofbeldi inni á heimilum er hluti af jafnréttisbaráttunni. - Berjast gegn staðalímyndum meðal karlmanna. Karlmenn geta verið „fórnarlömb karlmennskuhugmynda“ sem rýrir lífsgæði þeirra og hefur t.d áhrif á nám og starfsval. - Útrýma mýtum um að jafnrétti sé einungis konum til hagsbóta eða að jafnrétti og að jafnréttismál komi karlmönnum ekki við. Karlmenn þurfa að vera óhræddir að taka þátt, láta í sér heyra, leita sér aðstoðar varðandi andleg og líkamleg veikindi, markmiðið er að varpa ljósi á mikilvægi þátttöku karlmanna í baráttunni fyrir betri lífsgæði karlmanna og kvenna. - Við viljum vekja athygli á jafnréttismálefnum meðal ungs fólks og hvetja til aðgerða eða þátttöku í baráttunni, einnig uppræta fordóma sem ungt fólk hefur oft á tíðum fyrir jafnréttismálum eða veit ekki hvernig það á að bregðast við málefnum tengdu óréttlæti og jafnrétti. - Opna fyrir fjölbreyttari sýn á kynjahlutverkum, einstaklingar sama kyns ólíkari en milli kynja. - Foreldraútskýfun (e. Parental alientation), forsjárréttindur foreldra sé jafnaður út.

Hverjir hafa helst hag af styrknum? Bæði kynin jafnt

Hverjir munu vinna að verkefninu? Aðallega konur

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun) -

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

Ósýnilegt þak hindrar konur í að komast á toppinn í atvinnulífinu og ósýnilegir veggir hindra karlmenn í að taka fullan þátt í heimilisstörfum og vinna þarf að hvoru tveggja á báðum "vígstöðvum" til að jafna stöðu kynjanna. Það er langtímaverkefni og hulunni yfir misgengi kynjanna er svipt rólega af samfélaginu. En með stuttum myndböndum, viljum við vekja fólk upp af staðlaðri kynbundinni hugsun. Okkur langar sérstaklega að sýna hversu mikilvægt jafnrétti er okkur öllum, konum, körlum, börnum, fólki af erlendum uppruna, ólíkum trúarflokkum og þar fram eftir götunum. Við viljum ekki einungis varpa ljósi á málefni kvenna og annarra minnihlutahópa í þessum efnum, heldur einnig karlmanna. Það er hagur okkar allra. Skilaboðin verða skýr og hnitmiðuð og ættu að leiða til samfélagslegrar umræðu fólks, opna fyrir jákvæðu viðhorfi gagnvart mikilvægum málefnum og hvetja ungt fólk til aukinnar meðvitundar um samfélagið í kringum það sem leiðir af sér aðgerðir.

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Við setjum fyrirliggjandi þekkingu í nýjan búning í gegnum miðla og tölum til markhóps sem við teljum þurfa á markvissri áminningu um jafnrétti að halda. Við teljum sem svo að almenningsvitneskja er ekki svo almenn og því má alltaf bæta við fræðslu og minna fólk á það sem það veit jafnvel fyrir. Sem dæmi er ekki almenn vitneskja að fyrirtækjum sem stjórnað er bæði af körlum og konum vegnar betur (Elborgh-Woytek o.fl., 2013) Þess vegna munum við hafa stutt hnitmiðuð myndskleið og frumsýna þau á 2 vikna fresti í 4 mánuði til að varpa ljósi á niðurstöðum rannsókna sem nær svo sjaldan til almennings eins og dæmið hér að ofan sýnir. Við lögðum einnig fyrir megindlega rannsókn á 100 manna úrtaki þar sem 55% kvenna töldu sig hafa upplifað ójafnrétti vegna kyns síns síðustu 12 mánuði í samskiptum, launamismun eða öðru kynbundnu ójafnrétti. Við höfum einnig spurst fyrir um ólíkar skoðanir ungs fólks á jafnrétti og í meira mæli eru ungar konur sem vilja ekki kalla sig "feminista" vegna neikvæðrar merkingar sem lagst hefur á orðið. Umræðan á samfélagsmiðlum hefur verið að setja neikvæða hleðslu í orðið og ungir menn geta verið fáfróðir og/eða fordómafullir um það hvað jafnrétti snýst um. Eins eru þeir hræddir um að jafnrétti taki af þeirra réttindum og líta því á baráttuna sem ógn. Markmiðið er að vinna að myndskleiðunum með því að varpa ljósi á staðreyndir og vinna að því að útrýma þessum og fleiri mýtum um jafnrétti. Eins og v varpa ljósi á að jafnrétti kynjanna stuðlar að betri nýtingu mannauðs, eykur verðmætasköpun og rannsóknir sýna að jafnrétti helst í hendur við hamingjuskalann m.ö.o. Aukið jafnrétti eykur hamingju allra í samfélaginu, líka barnanna okkar. Nýnæmi verkefnisins er formið á myndskleiðunum sem er að ryðja sér til rúms hér á landi eins og t.d á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík sem og Örvarpið sem er örmyndakeppni á RÚV. Því teljum við þetta form eiga vel við þar sem lögð er áhersla á stutt myndskleið. Samfélagið hefur mótandi áhrif á hvernig við bregðumst við í ákveðnum aðstæðum. Það eru oft á tíðum rötgrórnar og ómeðvitaðar hugmyndir sem vinna gegn siðferðiskennd manneskjunnar og gegn jafnrétti. Við myndum halda að ef við gengjum framhjá manneskju í vanda, myndum við rétta fram hjálparhönd. Málið er því miður flóknara en svo. Togstreita mannsins yfir því að hann ætti að hjálpa á móti því að hann ætti að vera að gera það sem allir eru að gera í kringum hann, labba framhjá án þess að veita aðstoð, ákveðin hjarðhegðun myndast í slíkum tilvikum sem gerir einstaklingi erfiðara fyrir að rísa upp á móti straumnum. Slík hegðun hefur mikið verið rannsökuð innan sálfræðinnar og félagsfræðinnar og nefnist hún e. Bystander effect og vísar til þess að því fleiri sem sjá manneskju í vanda því ólíklegri er að einhver veiti aðstoð. Þessu virðist valda að dreifing ábyrgðar er of mikil. Þessu ber saman við að þegar nágrannar verða vitni að heimilisofbeldi, hringja þeir sjaldnast í lögregluna. Samkvæmt rannsókn frá Háskóla Íslands á ofbeldi gegn konum komst Ingólfur V. Gíslason að þeirri niðurstöðu að utanaðkomandi aðilar tilkynna sjaldan eða aldrei ofbeldi í nánnum samböndum til lögreglunnar, það er í öllum tilvikum þolandinn. Við viljum vekja athygli á að ofbeldi er samfélagslegt vandamál. Ofbeldi í nánnum samböndum tengist jafnrétti og samfélagsleg ábyrgð okkar allra er að skipta sér af og opna augun fyrir slíku. Fleiri mál myndu koma upp á yfirborðið og hægt væri að hjálpa fleirum í vanda.

Verk- og tímaáætlun Handrit og undirbúningur - feb Tökur - mars Eftirvinnsla - mars/apríl Sýningar - maí - júní

verkefnisins

Verkpættir og fjármögnun

Áætluð útgjöld

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Áætluð útgjöld	Upphæð
Undirbúningur	1000000
Verkefnastjórar	3000000
Tækjaleiga	1000000
Leikarar	3250000
Hljóð	700000
Tökumaður	800000
Förðun	600000
Búningar og sviðsmynd	700000
Eftirvinnsla	750000
Dreifing og markaðssetning	800000
Stjórnunarkostnaður	150000
Samtals	12.750.000

Áætlaðar tekjur

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

Áætlaðar tekjur	Upphæð
-	-
-	-
-	-
Samtals	0

Upphæð sem sótt er um: 2000000

Fjármögnun annarra en Reykjavíkurborgar:

Fjármögnununaraðili	Upphæð
Reykjavíkurborg	2000000
Jafnréttissjóður	2000000
Evrópa unga fólksins (óstaðfest)	3850000
KarolinaFund (markmið)	1000000
Víkjandi kostnaður	3900000

Samtals
12.750.000

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Ef svo er, frá hverjum?

Styrkveitandi	Upphæð
Jafnréttissjóður	2000000
Evrópa unga fólksins (óstaðfest)	3850000

Samtals

5.850.000

Aðrar upplýsingar

Hefur Reykjavíkurborg
áður sýnt á verkefni
umsækjanda?

Nei

Hefur umsækjandi áður
fengið styrk úr
borgarsjóði ? Ef svo
er, hvenær og hver var
upphæð
styrksins/styrkjanna?

Nei

Annað sem
umsækjandi vill taka
fram

-

Heiti	Einingar	Tíðni	Samtals	Víkjandi
Undirbúningur		2 1 mánuður	1.000.000	500.000
Verkefnastjórar		3 2 mánuðir	3.000.000	1.500.000
Myndbönd, leiga á tækjabúnaði		10 2 dagar	1.000.000	100.000
Leikarar		5 20 dagar	3.250.000	1.500.000
Tökumaður		1 20 dagar	800.000	100.000
Hljóð		1 20 dagar	700.000	50.000
Förðun		1 20 dagar	600.000	50.000
Búningar og sviðsmynd		1 20 dagar	700.000	50.000
Eftirvinnsla		1 21 dagur	750.000	50.000
Dreifing og markaðssetning		1 1 mánuður	500.000	0
Markaðsefni		1	300.000	0
Ótilgreindur kostnaður		1	150.000	0
Samtals			12.750.000	3.900.000

Sótt er um	5.000.000
------------	-----------

Til þess að verkefnið verður að veruleika mun verkefnastjórar sem og aðrir aðstandendur víkja hluta af launakostnaði sínum (sjá víkjandi).

Aðrir styrktaraðilar	Staða	Samtals
Evrópa Unga fólksins	óstaðfest	3.850.000

Málsnr.: 217020179
Skjalasafn Ráðhúss
21. feb. 2017
Bréfalykill: 1252

Umsókn um styrk úr Borgarsjóði

Málsnúmer

Umsækjandi

#6dagsleikinn – How to Make an Opera (Aequitas Collective í samstarfi við Alþýðuóperuna)

Nafn umsækjanda

Alþýðuóperan

Kennitala

4404112150

Heimilisfang

Hörpugata 7

Netfang

aequitascollective@outlook.com

Póstnúmer

101

Staður -

Reykjavík

Símanúmer 1

8491013

Símanúmer 2

Nafn ábyrgðarmanns

Ísabella Leifsdóttir

Kennitala ábyrgðarmanns

291180-2999

Heimilisfang ábyrgðaraðila

Miðtún 50

Póstnúmer ábyrgðaraðila

105

Netfang ábyrgðaraðila

ladivarosa@gmail.com

Símanúmer ábyrgðaraðila

8491013

Hlutverk ábyrgðaraðila

Framkvæmdastjóri

Banki -

0513-26-

Höfuðbók -

26

Reikningsnúmer -

040411

Lýsing á verkefni

#6dagsleikinn – How to Make an Opera er ný íslensk/ensk ópera um kynjahyggju á samskiptamiðlum frá tón-leikfélaginu Aequitas Collective í samstarfi við Alþýðuóperuna.

Heiti verkefnis - #6dagsleikinn – How to Make an Opera

Verkefnið í hnotskurn –

#6dagsleikinn kynnir sögu af 4 einstaklingum og upplifanir þeirra af Twitter.

Áhorfendur dýfa sér lengst niður í dimma, absúrda og fyndna heim samskiptamiðla og kynnast fernhyrtri tjáningu hugsana í formi 140 stafa. Skjárin á sviðinu verður með „Twitter feed“ í beinni þar sem áhorfendur geta tístað beint inn í atburðarrásina.

Verkefnislýsing -

-Twitter og Youtube ópera

Sýningin sjálf er einstök í sinni gerð enda hefur aldrei áður komið fram „verbatim“ ópera um samskiptamiðla. Sungið verður bæði á íslensku og ensku, en þýðingar verða birtar á skjá. Ferlið verður documenterað með vídeó-bloggi þáttakenda sem birtist á samfélagsmiðlum hópsins, einnig verður ferlið tekið upp og gerð myndbönd til að deila. Sýningum verður streymt beint á netinu.

Sótt er um verkefni á sviði

menningarmála

Markmið -

-Alþjóðlegt samstarf

Aequitas Collective var stofnað í byrjun ársins af íslenskum og enskum listamönnum, þeim Ísabelli Leifsdóttur (óperusöngkonu/framleiðanda), Rosie Middleton (söngkonu) og Michael Betteridge (tónskáldi) með það að markmiði að skoða stöðu kvenna á Íslandi og Englandi í gegnum tónleikhús.

-Styrkur frá Bretlandi

Sótt var um og styrkur fékkst hjá Art Council England til að halda 5 daga vinnustofu og sýna afraksturinn á Íslandi. Síðastliðið vor var auglýst eftir umsóknum höfunda/leikstjóra og í framhaldi af því var Ingunn Lára

Kristjánsdóttir ráðin. Einnig var auglýst eftir söng-leikurum og urðu Jónína (leik- og söngkona) og Arnar Ingi (jazz-söngvari) fyrir valinu. 5 daga smíðja var haldin í júní og afurðin sýnd fyrir áhorfendur í söngskóla Sigurðar Demetz.

-Fullklárað verk

Hér er sótt um fyrir því að ljúka framleiðslunni á tónleikhúsverkinu og setja á svið 4 sýningar á Íslandi.

Hverjir hafa helst hag af styrknum?

Fleiri konur en karlar

Hverjir munu vinna að verkefninu?

Aðallega konur

Er virk jafnréttisstefna hjá umsækjanda? (ef félag, fyrirtæki eða stofnun)

Alþýðuóperan hefur sterka jafnréttisstefnu. Ísabella Leifsdóttir sem er stjórnarformaður var í stofnstjórn KÍTÓN (Konur í tónlist) sem hefur barist fyrir því að jafna hlut kvenna í tónlistarbransanum á Íslandi.

Hvernig fellur verkefnið að markmiðum mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar?

#6dagsleikinn notar tíst úr íslensku samfélagi orð fyrir orð til að skoða hvernig tjáning okkar á netinu mótar okkar daglega líf. Hvar lifum við lífinu okkar? Á netinu eða fyrir utan skjáinn? Sýningin rannsakar hvort skuggi svarta skjásins sýni raunverulegu hlið manneskjunnar og hennar raunverulegu tilfinningar. Hvað segjum við og hvað meinum við í skjóli tölvunnar?

Sérstaklega er fókuserað á hvernig ráðist er að konum með orðum í skjóli nafnleyndar.

Alþýðuóperanvhefur að markmiði að færa óperuna til fjöldans, þetta verkefni fellur því fullkomnlega að stefnu félagsins og var stjórnin spennt að taka þátt. Áður hefur Alþýðuóperan framleitt eina óperu í fullri lengd sem og smærri verkefni. Alþýðuóperan hefur m.a. flutt óperur fyrir fólk sem kemst ekki út til þess að sjá þær, á sjúkrastofnunum og víðar.

(Mannréttindastefnu má finna hér: http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2481/4267_view-752/)

Hvers vegna er þörf fyrir verkefnið og hvernig mætir verkefnið þeirri þörf?

Það vantar fjölbreyttari afþreyingu fyrir ferðamenn á Íslandi og menningartúrismi eykst með hverju árinu. Við munum markaðssetja okkur fyrir ferðamenn og teljum að samanburðurinn milli landanna, nútímaleg framsetning og afburða listamennirnir muni bæði draga að Íslendinga, Breta og aðra. Stefnt er að því að nota bæði íslensku og ensku en varpa þýðingum upp.

Verk- og tímaáætlun verkefnisins

Eftir vinnustofuna okkar í júní síðastliðnum hafa Ingunn Lára, Michael og Ísabella unnið áfram í að þróa

verkefnið. Við teljum að til þess að klára þá vinnu sem hafin er að þá þyrftum við að halda áfram spuna- og samstarfsleikhús-ferlinu (e. improvised & devised) í tvær vikur með öllum hópnum. Í lok þeirrar vinnustofu myndum við sýna afraksturinn boðsgestum. Í framhaldi myndu Ingunn Lára og Michael koma sýningunni á blað, fullvinna handrit og fínpússa. Um sumarið yrði komið aftur saman, æft í viku og sýndar í framhaldi 2 sýningar. Lokasýning yrði á Cycle tónlistarhátíðinni, en gert er ráð fyrir 1 æfingadegi á undan þeirri sýningu. Cycle tónlistarhátíðin er haldin í október á hverju ári. Við höfum talað við þá sem standa að Cycle og þau hafa áhuga á að fá okkur til sín á næsta ári. Ekki er þó búið að taka lokaákvörðun um sýninguna. Einnig er gert ráð fyrir að streyma sýningum á internetinu, standa að YouTube Vloggi og allskyns deilingum á myndum og texta á samfélagsmiðlum.

Æfingatímabil

Gert er ráð fyrir að allir séu til staðar í langa daga á meðan á æfingum stendur og 2 vikna heimavinnu leikara

Túrinn

Stefnt er að því að sýna óperuna einnig í Bretlandi, bæði í Hull og London. Cycle tónlistarhátíðin hefur sýnt áhuga á að koma að þeim hluta sem snýr að sýningu hér heima og í Hull, en Southbank tónlistarhátíðin hefur sýnt áhuga á

að sýna verkið í Lundúnum. Sótt yrði um styrki frá Art Council England til að koma sýningunum ytra á svið. Einnig verður sótt í erlenda sjóði til að fjármagna framleiðsluna í formi launa og dagpeninga til Rosie og Michael.

Hlutverk framkvæmdastjóra

Ísabella hefur meðfram tónlist stundað störf í markaðsmálum, m.a. var hún ritstjóri WOW air í nokkur ár. Hún mun því ekki aðeins sjá um almenna framkvæmdastjórn heldur einnig markaðssetningu, samfélagsmiðla (sem verða ansi viðamiklir), sem og bókhald, uppgjör við listamenn o.s.frv.

Aðrir fagmenn

Við munum þó þurfa að ráða fagmenn við að taka upp hljóð og mynd til að koma þeim hluta vel frá okkur, sem og ljósmyndara og grafískan hönnuð til að hjálpa við gerð markaðsefnis. Við reiknum með að það þurfi 2-3 myndavélar,

hljóðmann og klippara fyrir myndböndin sem við munum birta jafnóðum og eftirá undir How to Make an Opera.

Æfingarými og sýningarstaður

Æft verður í Söngskóla Sigurðar Demetz, en sal skólans höfum við fengið afnot af fyrir lága upphæð. Frumsýning og 2 aðrar sýningar verða í Tjarnarbíói en lokasýning verður á Cycle tónlistarhátíðinni í Salnum í Kópavogi.

Skilgreinið helstu tekjuliði og upphæðir

Æfingahúsnæði: 190.000-

Cycle Tónlistarhátíð: 300.000- (óstaðfest)

Miðasala: 500.000-

Skilgreinið helstu útgjaldaliði og upphæðir

Laun á æfingatíma: 11.000.000-

Æfingahúsnæði: 195.000-

Ferðakostnaður: 200.000-

Dagpeningar: 249.600-

Tækjabúnaður: 100.000-

Efniskostnaður: 750.000-

Aðkeypt þjónusta: 1.500.000-

Sýningarhúsnæði: 281.248-

Sýningarlaun flytjenda: 512.000-

Tæknimenn sýninga: 256.000-

Sýningarstjórn: 256.000-

Kynningarefni: 500.000-

Auglýsingar: 150.000-

Akstur: 50.000-

Verkpættir og fjármögnun

Áætluð útgjöld Upphæð

15.999.848-

Áætlaðar tekjur Upphæð

990.000-

Fjármögnununaraðili Upphæð

Styrkveitandi Upphæð

Upphæð sem sótt er um: -

1.000.000-

Fjármögnun annarra aðila (annarra en Reykjavíkurborgar):

Er sótt um styrki hjá öðrum en Reykjavíkurborg? Hvaða?

Launasjóð sviðslistafólks: 3.514.000-

Opinber styrkur til atvinnuleikhópa: 10.000.000-

Arts Counsil England: 500.000-

Aðrar upplýsingar

-Myndband

Aequitas Collective gaf út myndband í sumar til að sýna afrakstur vinnustofunnar, það gefur skýra mynd af sköpunarkrafti hópsins. https://www.youtube.com/watch?v=qa3vGkWM_hM

Íslenskir samstarfsaðilar Aequitas eru: Söngskóli Sigurðar Demetz, KÍTÓN (konur í tónlist), Íslensk tónverkamiðstöð, Alþýðuóperan en óstaðfestir eru Cycle tónlistarhátíðin og Southbank Music Festival

Vonast er til að geta fjármagnað dagpeninga og laun Michaels og Rosie að einhverju leyti úr erlendum sjóðum. Michael sér um umsóknir þeim megin hafsins en það sem búið er af verkefninu var styrkt af Arts Counsil England og vonum við að þau hafi áhuga á að styrkja verkefnið áfram.

Hefur Reykjavíkurborg áður synjað verkefni umsækjanda?

Já


Hefur umsækjandi áður fengið styrk frá Borgarsjóði hvenær og ef svo, upphæð styrks?

250.000- voru veittar í verkefnið Sýningar/fræðsludagsskrá árið 2011. Einnig fengum við loforð um styrk árið 2012 fyrir Rakarann en ekki náðist að fullfjármagna það verkefni svo sá styrkur var aldrei sóttur.

Annað sem umsækjandi vill taka fram

Ég sendi með ferilskrár þáttakanda, frétt um Aequitas og myndræna framsetningu leikstjórans á verkinu.

Ég vil einnig hvetja ykkur til að líta á https://www.youtube.com/watch?v=qa3vGkWM_hM



Ágæta borgarstjórn.

Við undirritaðir eigendur 50% jarðarinnar Presthús á Kjalarnesi, (fastanúmer 208-5417, fasteignanúmer 125743) sem nú tilheyrir Reykjavík, erum að kanna hvort borgin hafi áhuga á að kaupa jörðina. Jörðin Presthús er um 38 hektarar og liggur meðfram ströndinni austan megin á neginu. Þaðan er ægifagurt útsýni yfir höfuðborgina, svo ekki sé minnst á fjölbreytt fuglalíf og náttúrufegurð. Presthús er ein síðasta jörðin í borgarlandinu sem er í einkaeign, og hlýtur að vera fengur fyrir borgina að eignast landið. Því er ekki að neita að við höfum fengið nokkrar fyrirspurnir bæði frá innlendum og erlendum aðilum, hvort við værum tilbúnir að selja jörðina. Að okkar mati finnst okkur rétt að kanna fyrst hvort borgin hafi áhuga á þessari jörð, áður en tekin er ákvörðun um hvort við seljum innlendum eða erlendum spekulöntum jörðina.

Við óskum eftir svari sem fyrst.

Með vinsemd og virðingu

Stefán Benediktsson kt. 1808464179 Skagasel 11. 109 Reykjavík, sb@fb.is gsm 8961808

Stefán Benediktsson. 180846-4179.

Guðmundur Benediktsson kt 040450-7699 Baughúsum 22, 112 Reykjavík
gudmundurben@gmail.com gsm 864-8040

Guðmundur (040450-7699)

Sigurjón Benediktsson kt 1408514269 Prestastíg 2. 113 Reykjavík skefill@gmail.com gsm 862 1504

Sigurjón Benediktsson 140851-4269

BORGARRÁÐ 2.3.'17: Tillaga borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins um biðaðstöðu strætisvagnafarþega í skiptistöðinni í Mjódd - R17030023

Borgarráð beinir því til stjórnar Strætó bs. að biðaðstaða strætisvagnafarþega í skiptistöðinni í Mjódd verði bætt sem fyrst og hún gerð þægilegri en nú er. Um fjórar milljónir farþega fara árlega um stöðina og er því um að ræða fjölförnustu umferðarmiðstöð landsins. Lagt er til að umbætur verði gerðar á stöðinni þar sem að lágmarki verði ráðist í eftirfarandi aðgerðir: 1. Biðstöðin verði opin farþegum á kvöldin á meðan strætisvagnar ganga. 2. Sætum verði fjölgað og þau sem fyrir eru verði löguð. 3. Salerni biðstöðvarinnar verði opnuð almenningi að nýju.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Málsnr.: R17020017
Skjalasafn Ráðhúss
06. mars 2017

Skjalalykill: 03.90
Gopro nr VEL2016090011
Dagsetning: 27.2.2017
Ábyrgð: ASA/bes

Bréfalykill: 100

Svar við fyrirspurn

Eftirfarandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins barst velferðarsviði:

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á gjaldskrár velferðarsviðs frá árinu 2006 - R17020017

Svar: Gjaldskrár velferðarsviðs eru samþykktar af borgarráði á hverju ári og eru þær sendar út á starfsstaði við samþykkt til samræmingar. Þróun gjaldskrár 2006-2017 er að finna í meðfylgjandi skjali.



Svar við fyrirspurn

Eftirfarandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins barst velferðarsviði:

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á gjaldskrá velferðarsviðs frá árinu 2006 - R17020017

Svar: Gjaldskrár velferðarsviðs eru samþykktar af borgarráði á hverju ári og eru þær sendar út á starfsstaði við samþykkt til samræmingar. Þróun gjaldskrár 2006-2017 er að finna í meðfylgjandi skjali.

Gjaldskrárhækkarnir 2006-2017

Þjónustugjald - kr.							
ÁR	Norðurbúrún, Lönguhlíð, Furugerði einstakl.	Norðurbúrún, Lönguhlíð, Furugerði - hjón	Lindargata	Dalbraut, Seljahlíð - einstaklingar	Dalbraut, Seljahlíð - hjón	Seljahlíð - parhús	Neyðarhn appur
2006	8.000 kr.	9.200 kr.	6.700 kr.	15.275 kr.	17.340 kr.	1.650 kr.	
2007	8.700 kr.	10.010 kr.	7.290 kr.	16.620 kr.	18.865 kr.	1.795 kr.	
2008	8.945 kr.	10.290 kr.	7.495 kr.	17.085 kr.	19.393 kr.	1.845 kr.	
2009	8.945 kr.	10.290 kr.	7.495 kr.	17.085 kr.	19.393 kr.	1.845 kr.	
2010	8.945 kr.	10.290 kr.	7.495 kr.	17.085 kr.	19.393 kr.	1.845 kr.	
2011	9.500 kr.	11.000 kr.	8.000 kr.	18.000 kr.	20.000 kr.	2.500 kr.	
2012	10.450 kr.	12.100 kr.	8.800 kr.	19.800 kr.	22.000 kr.	2.750 kr.	
2013	11.000 kr.	12.800 kr.	9.200 kr.	20.900 kr.	23.200 kr.	2.900 kr.	
2014	11.000 kr.	12.800 kr.	9.200 kr.	20.900 kr.	23.200 kr.	2.900 kr.	
2015	11.350 kr.	13.200 kr.	9.500 kr.	21.600 kr.	23.950 kr.	3.000 kr.	59.500 kr.
2016	11.710 kr.	13.620 kr.	9.965 kr.	22.290 kr.	24.715 kr.	3.095 kr.	73.180 kr.
2017	11.990 kr.	13.945 kr.	11.990 kr.	22.820 kr.	26.947 kr.	3.165 kr.	75.650 kr.
							1.850 kr.
							1.850 kr.
							79.355 kr.

Þjónustugjald - hækkun í prósentum							
ÁR	Norðurbrún, Lönguhlið, Furugerði einstaki.	Norðurbrún, Lönguhlið, Furugerði - hjón	Lindargata	Dalbraut, Sejahlíð - einstaklingar	Dalbraut, Sejahlíð - einstaklingar	Sejahlíð - parhús	Neyðarhn appur
2007	8,7%	8,8%	8,8%	8,8%	8,8%	8,8%	
2008	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%	
2009	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
2010	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
2011	6,2%	6,9%	6,7%	5,4%	3,1%	35,5%	
2012	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	10,0%	
2013	5,3%	5,8%	4,5%	5,6%	5,5%	5,5%	
2014	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	
2015	3,2%	3,1%	3,3%	3,3%	3,2%	3,4%	23,0%
2016	3,2%	3,2%	4,9%	3,2%	3,2%	3,2%	3,4%
2017	2,4%	2,4%	20,3%	2,4%	9,0%	2,3%	0,0%
							4,9%

Matur og kaffi - kr.								
ÁR	Hádegismatur	Heimsending matar	Hád.matur - fæði	Hád.matur - lausa sala	kvöldv. í þj.íb.	morgunm. í þj.íb.	meðaltal lausasölu	kaffi,te
2006	490 kr.	150 kr.	490 kr.	520 kr.	260 kr.	140 kr.	100 kr.	100 kr.
2007	510 kr.	160 kr.	510 kr.	540 kr.	270 kr.	140 kr.	100 kr.	100 kr.
2008	525 kr.	165 kr.	525 kr.	555 kr.	275 kr.	145 kr.	100 kr.	100 kr.
2009	525 kr.	165 kr.	525 kr.	555 kr.	275 kr.	145 kr.	100 kr.	100 kr.
2010	525 kr.	165 kr.	525 kr.	555 kr.	275 kr.	145 kr.	100 kr.	100 kr.
2011	550 kr.	180 kr.	550 kr.	550 kr.	300 kr.	150 kr.	100 kr.	100 kr.
2012	610 kr.	180 kr.	610 kr.	660 kr.	320 kr.	160 kr.	150 kr.	150 kr.
2013	640 kr.	190 kr.	640 kr.	700 kr.	340 kr.	170 kr.	160 kr.	160 kr.
2014	640 kr.	190 kr.	640 kr.	700 kr.	340 kr.	170 kr.	160 kr.	160 kr.
2015	660 kr.	195 kr.	660 kr.	720 kr.	350 kr.	180 kr.	165 kr.	165 kr.
2016	680 kr.	200 kr.	680 kr.	740 kr.	360 kr.	185 kr.	170 kr.	170 kr.
2017	695 kr.	200 kr.	695 kr.	755 kr.	365 kr.	185 kr.	170 kr.	170 kr.

mjólk	kleina	brauðsneið,	brauðsneið	sætabrauð	gos	malt/ pilsner
50 kr.	75 kr.	130 kr.	180 kr.	180 kr.	155 kr.	155 kr.
50 kr.	75 kr.	130 kr.	185 kr.	185 kr.	145 kr.	145 kr.
50 kr.	75 kr.	135 kr.	190 kr.	190 kr.	150 kr.	150 kr.
50 kr.	75 kr.	135 kr.	190 kr.	190 kr.	150 kr.	150 kr.
50 kr.	75 kr.	135 kr.	190 kr.	190 kr.	150 kr.	150 kr.
50 kr.	150 kr.	150 kr.	150 kr.	150 kr.	170 kr.	170 kr.
150 kr.	200 kr.	200 kr.	200 kr.	200 kr.	200 kr.	200 kr.
50 kr.	210 kr.	210 kr.	210 kr.	210 kr.	210 kr.	210 kr.
50 kr.	100 kr.	150 kr.	210 kr.	210 kr.	210 kr.	210 kr.
50 kr.	105 kr.	155 kr.	215 kr.	215 kr.	220 kr.	220 kr.
50 kr.	105 kr.	155 kr.	220 kr.	220 kr.	225 kr.	225 kr.
50 kr.	105 kr.	155 kr.	225 kr.	225 kr.	230 kr.	230 kr.

Matur og kaffi - hækkun í prósentum								
ÁR	Hádegismatur	Heimsending matar	Hád.matur - fæði	Hád.matur - lausa sala	kvöldv. í þj.íb.	morgunm. í þj.íb.	meðaltal lausasölu	kaffi,te
2006								
2007	4,1%	6,7%	4,1%	3,8%	3,8%	0,0%	0,0%	0,0%
2008	2,9%	3,1%	2,9%	2,8%	1,9%	3,6%	0,0%	0,0%
2009	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
2010	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
2011	4,8%	9,1%	4,8%	-0,9%	9,1%	3,4%	0,0%	0,0%
2012	10,9%	0,0%	10,9%	20,0%	6,7%	6,7%	50,0%	50,0%
2013	4,9%	5,6%	4,9%	6,1%	6,3%	6,3%	6,7%	6,7%
2014	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
2015	3,1%	2,6%	3,1%	2,9%	2,9%	5,9%	3,1%	3,1%
2016	3,0%	2,6%	3,0%	2,8%	2,9%	2,8%	3,0%	3,0%
2017	2,2%	0,0%	2,2%	2,0%	1,4%	0,0%	0,0%	0,0%

mjólk	kleina	brauðsneið, flatkaka	brauðsneið skreytt	sætabrauð m/rjóma	gos	malt/ pilsner
0,0%	0,0%	0,0%	2,8%	2,8%	-6,5%	-6,5%
0,0%	0,0%	3,8%	2,7%	2,7%	3,4%	3,4%
0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
0,0%	100,0%	11,1%	-21,1%	-21,1%	13,3%	13,3%
200,0%	33,3%	33,3%	33,3%	33,3%	17,6%	17,6%
-66,7%	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%	5,0%
0,0%	-52,4%	-28,6%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
0,0%	5,0%	3,3%	2,4%	2,4%	4,8%	4,8%
0,0%	0,0%	0,0%	2,3%	2,3%	2,3%	2,3%
0,0%	0,0%	0,0%	2,3%	2,3%	2,2%	2,2%

Félagsstarf - kr.				
ÁR	Opið félagsstarf pr. mán	Per námskeið per klist	Brennslugi. pr stk	Aksturs-þjónusta
2006	620 kr.	155 kr.	260 kr.	250 kr.
2007	675 kr.	170 kr.	150 kr.	250 kr.
2008	690 kr.	175 kr.	155 kr.	
2009	690 kr.	175 kr.	155 kr.	
2010	690 kr.	175 kr.	155 kr.	
2011	1.000 kr.	200 kr.	200 kr.	
2012	1.100 kr.	250 kr.	250 kr.	
2013	1.160 kr.	260 kr.	260 kr.	
2014	1.160 kr.	260 kr.	260 kr.	
2015	1.200 kr.	270 kr.	270 kr.	
2016	1.250 kr.	275 kr.	275 kr.	
2017	1.275 kr.	280 kr.	280 kr.	

Félagsstarf - hækkun í prósentum				
ÁR	Opið félagsstarf pr. mán	Per námskeið per klist	Brennslugi. pr stk	Aksturs-þjónusta
2006				
2007	8,9%	9,7%	-42,3%	0,0%
2008	2,2%	2,9%	3,3%	
2009	0,0%	0,0%	0,0%	
2010	0,0%	0,0%	0,0%	
2011	44,9%	14,3%	29,0%	
2012	10,0%	25,0%	25,0%	
2013	5,5%	4,0%	4,0%	
2014	0,0%	0,0%	0,0%	
2015	3,4%	3,8%	3,8%	
2016	4,2%	1,9%	1,9%	
2017	2,0%	1,8%	1,8%	

Heimabjónusta		
ÁR	Heimabjónusta	Hækkun í prósentum
1994	178 kr.	
1995	189 kr.	6,2%
1996	205 kr.	8,5%
1997	218 kr.	6,3%
1998	175 kr.	-19,7%
1999	200 kr.	14,3%
2000	200 kr.	0,0%
2001	230 kr.	15,0%
2002	230 kr.	0,0%
2003	300 kr.	30,4%
2004	350 kr.	16,7%
2005	500 kr.	42,9%
2006	516 kr.	3,2%
2007	516 kr.	0,0%
2008	530 kr.	2,7%
2009	530 kr.	0,0%
2010	530 kr.	0,0%
2011	1.000 kr.	88,7%
2012	1.000 kr.	0,0%
2013	1.080 kr.	8,0%
2014	1.080 kr.	0,0%
2015	1.115 kr.	3,2%
2016	1.150 kr.	3,1%
2017	1.175 kr.	2,2%


Húsnæðist og fæðisgjald í búsetuúrræðum - kr.						
AR	Njálsgata Dvalargjald	Njálsgata Fæði	Miklabraut Dvalargjald	Miklabraut Fæði	Brautinn Dvalargjald	Brautinn Fæði
2006						
2007						
2008						
2009						
2010	18.255 kr.		35.000 kr.		24.100 kr.	21.845 kr.
2011	23.000 kr.	22.900 kr.	23.000 kr.	22.900 kr.	25.300 kr.	21.845 kr.
2012	24.300 kr.	24.300 kr.	24.300 kr.	24.300 kr.	38.100 kr.	21.845 kr.
2013	25.650 kr.	25.650 kr.	25.650 kr.	25.650 kr.	38.100 kr.	23.070 kr.
2014	26.520 kr.	25.650 kr.	26.520 kr.	25.650 kr.	39.400 kr.	23.850 kr.
2015	27.450 kr.	26.500 kr.	27.450 kr.	26.500 kr.	40.750 kr.	23.850 kr.
2016	28.325 kr.	27.345 kr.	28.325 kr.	27.345 kr.	42.050 kr.	24.610 kr.
2017	29.000 kr.	28.000 kr.	29.000 kr.	28.000 kr.	43.055 kr.	25.200 kr.

Mýrin Fæði	Afangahel Miklabraut Dvalargjald	Afangahel Miklabraut Fæði	Afangahel Miklabraut Fæði	Afangahel Miklabraut Fæði	Afangahel Miklabraut Fæði
24.300 kr.					
25.650 kr.	24.300 kr.	36.050 kr.	24.300 kr.	24.300 kr.	
25.650 kr.	25.650 kr.	38.100 kr.	25.650 kr.	25.650 kr.	
26.500 kr.	26.520 kr.	39.400 kr.	25.650 kr.	25.650 kr.	

Húsnæðist og fæðisgjald í búsetuárræðum - hækun í prósentum

ÁR	Njálsgata		Njálsgata		Miklabraut		Brautinn		Brautinn		Sóleyjarg		Gunnarsbraut	
	Dvalargjald		Fæði		Dvalargjald		Fæði		Dvalargjald		Fæði		Fæði	
2006														
2007														
2008														
2009														
2010														
2011	26,0%			-34,3%										
2012	5,7%			5,7%										
2013	5,6%			5,6%										
2014	3,4%			3,4%										
2015	3,5%			3,5%										
2016	3,2%			3,2%										
2017	2,4%			2,4%										

Mýrin		Áfangaheimili Miklubraut		Áfangaheimili Miklubraut		Áfangaheimili Miklubraut		Áfangaheimili Miklubraut	
Fæði		Dvalargjald		Fæði		Dvalargjald		Fæði	
5,6%		5,6%		5,6%		5,7%		5,6%	
0,0%		3,4%		0,0%		3,4%		0,0%	
3,3%									



Borgarstjóri Reykjavíkur,

Hr. Dagur B. Eggertsson

Reykjavík 16. febrúar 2017.

Fyrir hönd knattspyrnufélagsins Þróttar fer ég fram á formlegar viðræður við Reykjavíkurborg um frekari uppbyggingu íþróttamannavirkja á svæði félagsins.

Mikil uppbygging er fyrirhuguð í og við Laugardalinn á næstu árum og tímabært að huga að því hvernig Þróttur getur mætt þeirri þörf sem þá skapast fyrir íþróttaiðkun barna og unglinga. Félagið hefur að undanfögnu mótað hugmyndir um hvernig hægt verður að bæta þjónustu félagsins í Laugardalnum.

Arkitektastofan Tendra hefur lagt fram umtalsverða vinnu til að styðja við þessar hugmyndir.

Forsvarsmenn félagsins hafa gert embættismönnum grein fyrir þessari vinnu á fundum og með bréfum. Vísað er til fundar með stjórn ÍTR þann 20. janúar 2017 og þeirra gagna sem félagið lagði þar fram og til gagna sem lögð voru fram á fundi með sviðsstjóra Íþrótt- og tómstundasviðs og skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar þann 13. febrúar 2017.

Í þessum gögnum koma hugmyndir félagsins um uppbyggingu þeirrar aðstöðu sem það hefur í Laugardal en einnig þungar áhyggjur af stöðunni í Laugardalshöll, en allt að 30% allra æfinga félagsins í því húsi falla niður á hverjum vetri og ljóst er að nánast útilokað er að halda úti svo sundurslitinni starfsemi til langframa.

Forsvarsmenn Þróttar hafa lagt til samvinnu við grunnskóla í nágrenni Laugardalsins um uppbyggingu íþróttahúss og átt fundi með skólastjórum grunnskóla í nágrenni dalsins, og að auki fund með Hverfisráði Laugardals og höfum leitað til þeirra og íbúsamtaka hverfisins eftir ráðleggingum. Formlegir fundir, og frekari kynning, með þessum aðilum eru í undirbúningi. Þá hafa hugmyndir okkar verið kynntar forsvarsmanni Skóla- og frístundasviðs.

Það er ósk okkar að mál þetta fái viðeigandi umfjöllun hjá Reykjavíkurborg og óskum við eftir fundi með þér hið allra fyrsta til að kynna okkar hugmyndir nánar.

f.h. Knattspyrnufélagsins Þróttar

Finnþogi Hilmarsson, formaður Þróttar.

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2017, mánudaginn 27. febrúar kl.16:00 var haldinn **150. fundur** hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis Efstaleiti 1, á 2. hæð. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Guðfinna J. Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar ÞLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um nýjar hugmyndir að íþróttahúsi í Laugardalnum.

Kristján Kristjánsson og Finnbogi Hilmarsson fulltrúar frá Knattspyrnufélaginu Þrótti taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:


Hverfisráð Laugardals lýsir mikilli ánægju með hugmynd Knattspyrnufélagsins Þróttar um nýtt íþróttahús í Laugardalnum, sem myndi þjóna blaki og handbolta félagsins, sameina níu starfsstöðvar í eina, ásamt því að nýta sem íþróttahús fyrir Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og að einhverju leyti fyrir Langholtsskóla og Vogaskóla líka. Nauðsynlegt er í framhaldinu að kanna afstöðu Ármanns til þessa máls m.a. með tilliti til körfubolta sem er á vegum félagsins. Hverfisráð Laugardal hvetur til þess að þessari vinnu verði haldið áfram í samstarfi við íþrótt- og tómstundasvið, skóla- og frístundasvið, umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, viðeigandi fagråd og aðra aðila sem þurfa að koma að málinu þannig að hægt verði að klára útfærslu á þessari hugmynd. Verkefnið er mjög brýnt, ekki síst vegna fjölgunar íbúa í hverfinu vegna þéttingu byggðar og nauðsynjar þess að lausn finnist á innanhúss íþróttastöðu Knattspyrnufélagsins Þróttar og grunnskólanna í hverfinu. Þessi framkvæmd þyrfti því að komast sem fyrst inn á áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Reykjavík.


Framkvæmdastjóra falið að koma þessu á framfæri við viðeigandi aðila

2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. febrúar 2017, þar sem tilkynnt er að Þórlaug Ágústsdóttir taki sæti sem varamaður í hverfisráði í stað Björns Birgis Þorlákssonar.
3. Lagt fram bréf til kynningar, umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. febrúar 2017, sbr. útskrift úr gerðabók ráðsins frá 30. nóv. 2016, um heildarendurskoðun á deiliskipulagi fyrir Skeifuna.
4. Lagt fram erindi frá íbúum við Skipasund, dags. 22. febrúar 2017, þar sem óskað er eftir aðstoð hverfisráðs við úrslausn vegna stórra bíla sem lagt er við enda hússins Skipasund 56. Erindið er áframsent til umhverfis- og skipulagssviðs og svars óskað fyrir næsta fund.
5. Fram fer umræða um heilsueflingu og um nýttkominn kynningarbækling um þjónustu við eldri borgara.
6. Fram fer umræða um opinn íbúafundi um nágrannavörslu í Langholtsskóla 15. febrúar s.l.


Fundi slitið kl. 17.30


Bjarni Jónsson


Kristín Elfa Guðnadóttir


Heiðar Ingi Svansson


Sandra Berg Cepero


Elín Engilbertsdóttir